

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um innleiðingu tilskipunar um endurnot opinberra upplýsinga.

Frá Helga Hrafni Gunnarssyni.

1. Hve langt er vinna við innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB, um endurnot opinberra upplýsinga, komin í ráðuneytinu?
2. Hvenær er áætlað að frumvarp þess efnis verði lagt fram á Alþingi?
3. Hvernig er áætlað að rétti til hagnýtingar opinberra upplýsinga verði háttað hér á landi í kjölfar innleiðingarinnar?
4. Má búast við breytingu á gjaldtökuheimildum í upplýsingalögum í kjölfar innleiðingarinnar?
5. Hefur í vinnu við innleiðinguna verið haft samráð við vinnuhóp innanríkisráðherra sem tók til starfa í haust og á að skila tillögu að stefnu um opin gögn ríkis og sveitarfélaga o.fl.?

**Skriflegt svar óskast.**